

Neysla – unglिंगastig



Í tilefni af *degi íslenskrar náttúru* er tilvalið að skoða á hvaða hátt neysla mannsins hefur áhrif á náttúru og auðlindir Jarðar, huga að því hvað er hægt að gera til að breyta því og reyna að leggja sitt af mörkum. Á unglिंगastigi er viðfangsefnið vörur og vöruframleiðsla, flutningar á vörum og förgun, samgöngur og gróðurhúsaáhrif.

Neysla er það sem við tökum til okkar af mat, drykk og öðrum varningi og þjónustu sem við nýtum dag frá degi. Til að standa undir neyslu okkar þarf mikla orku og landrými. Það þarf orkuver, raf-línur, námur og verksmiðjur, vegi og landsvæði til að rækta það sem við neytum og ala búfé. Einnig þarf landrými til að taka við úrganginum sem frá okkur kemur.

Fæðan sem við neytum er komin beint eða óbeint úr auðlindum Jarðar. Við borðum ávexti og ber, við neytum korns og grænmetis og við borðum fisk og kjöt. Flest af því sem við borðum er ræktað og til ræktunarinnar þarf mikið vatn og landsvæði. Mestur hluti vatnsnotkunar heimsins fer til landbúnaðar. Stórum landsvæðum Jarðar hefur verið umbreytt úr sínum upprunalegu vistkerfum í landbúnaðarsvæði til ræktunar fæðu fyrir fólk eða í beitiland fyrir búfé s.s nautgripi. Jafnframt þarf auðlindir til að framleiða umbúðir utan um vörurnar.

Auðlindir Jarðar og hráefni eru ekki óþrjótandi og því mikilvægt að nýta þær skynsamlega og fara vel með þær. Ein áhrifaríkasta leiðin til að vernda umhverfið er að huga að neyslunni og það gerum við helst með því að skoða innkaup okkar. Hugla að því hvað við kaupum, hvernig við nýtum það sem við kaupum og hvort við flokkum og endurvinnum þann úrgang sem myndast.

Hægt er að mæla neyslu manna og ágang á Jörðina með vistspori. Því meiri sem neyslan er því stærra er vistsporið. Vistsporið sýnir hversu mikið landsvæði þarf til að sjá fyrir þeirri neyslu sem

samfélagið notar og til að taka við þeim úrgangi sem frá samfélaginu kemur. Neysla Íslendinga er því með því mesta sem gerist í heiminum og er margfalt stærra en vistspor fátækustu ríkja heims. Ef allir jarðarbúar væru jafn neyslufrekir og Íslendingar þá þyrftum við að margar jarðir til að geta staðið undir allri neyslunni. Það er augljóst að slíkt er ekki hægt og því mjög mikilvægt að endurskoða neysluna til að vernda umhverfið og gæta Jarðarinnar þannig að allir jarðarbúar geti lifað hér mannsæmandi lífi um ókomin ár.

Gróðurhúsaáhrif eða hitaaukning á Jörðinni stafar af auknu magni ýmissa lofttegunda við yfirborð Jarðar. Þessar lofttegundir eru m.a koltvívíoxíð (CO_2) og metan (CH_4). Koltvívíoxíð myndast við öndun lífvera og bruna á lífrænu efni s.s. timbri og olíu. Metan verður til í náttúrunni s.s. við rotnun sorps, vegna húsdýrahalds og við landbúnaðarframleiðslu. Með því að vera ábyrgur neytandi er hægt að leggja sitt af mörkum við að draga úr gróðurhúsaáhrifum, hlýnun Jarðar og loftslagsbreytingum.

Markmið að nemendur geti

- skilið mikilvægi góðrar nýtingar hráefna
- áttað sig á að framleiðsla, flutningur og förgun vara hefur margvísleg áhrif á umhverfið
- útskýrt hugtakið vistspor og skilji mikilvægi þess að við Íslendingar minnkum vistspor okkar
- komið með dæmi um hvernig hegðun þeirra hefur áhrif á vistsporið
- fundið leiðir til að hafa jákvæð áhrif á umhverfisvitund í samfélaginu
- útskýrt og fundið dæmi um að hagvöxtur er stundum á kostnað náttúrunnar
- tekið virkan þátt í umræðum um álitamál er tengjast hegðun og neyslu mannsins
- sagt frá mismunandi orkugjöfum, uppruna þeirra og þeim ólíku áhrifum sem þeir hafa á umhverfið
- útskýrt hringrás kolefnis og í hverju gróðurhúsaáhrifin felast
- öðlast færni og vilja til að vinna að því að draga úr neyslu og minnka vistspor sitt

Hugmyndir að leiðum

• Innkaup

Í námsbókinni *Næring og lífshættir*, útg. af Námsgagnastofnun, bls. 60–65 er kafli sem nefnist Umhverfisvernd og neysla. Á bls. 61–62 eru heilræði um umhverfisvæn innkaup og hvernig hægt sé að stuðla að betra umhverfi með ábyrgum innkaupum og með því að draga úr neyslu. Þessi heilræði er hægt að ræða og hvaða ávinningur næst með því að fara eftir þeim. Gott er að nemendur geti nefnt dæmi um eigin innkaup. Þessa umræðu er hægt að taka af og til og kanna hvort nemendum hefur tekist að breyta háttum sínum og hverju það hefur skilað.

- Nemendur finna dæmi um vörur sem hafa ferðast um langan veg og aðrar sem eru framleiddar í heimabyggð.
- Nemendur finna dæmi um vörur sem eru lítið unnar og vörur sem eru mikið unnar.

- Ræða og meta kosti þess að kaupa vörur sem eru lítið unnar og hafa ekki ferðast um langan veg frá framleiðslustað.

• Umbúðir

Nemendur ræði hvernig hægt væri að minnka umbúðir á ýmsum vörutegundum.

- Finna vörur framleiddar á Íslandi, skoða umbúðirnar og reyna að finna leiðir til að minnka þær, jafnvel senda tillögurnar til framleiðandans.
- Finna vörur í litlum umbúðum og senda hrós til framleiðanda vörunnar.
- Skoða umbúðir skyndibita og bera þær saman með tilliti til hvort um miklar umbúðir sé að ræða og hvort hægt sé að endurvinna þær. Koma með tillögur að úrbótum.
- Ræða sérstaklega umbúðir utan um drykkjarvörur. Að drekka kranavatn í stað drykkja í umbúðum er mikill sparnaður, bæði á fjármunum, orku og auðlindum; engin orka hefur farið í framleiðslu á umbúðum og engin orka fer í endurvinnslu eða förgun umbúða. Engin orka hefur farið í að flytja það frá verksmiðju í verslanir. Svo er vatn líka hollasti svaladrykkurinn og vatnssopi úr krana kostar ekkert!

• Lífssaga hluta

Nemendur skoði uppruna ýmissa vörutegunda, bæði matvæla og annarra vörutegunda og reyni að rekja lífssögu þeirra. Á námsvefnum [Heimurinn minn](#) er gagnvirkt verkefni sem nefnist vöruframleiðsla og er ætlað unglिंगastigi. Þar er rakin lífssaga bifreiðar. Einnig eru góðar myndir á www.hringras.is

• Gróðurhúsaáhrif

Hægt er að finna ýmsar leiðir til að skólinn geti lagt sitt af mörkum til að minnka útblástur koltvíoxíðs og þar með *gróðurhúsaáhrif*.

- Með því að kaupa vörur sem hafa ekki ferðast um langan veg frá framleiðslustað, s.s. í mötuneyti og ræstivörur.
- Samgöngur; með því að breyta samgöngumáta og hvetja nemendur til að ganga eða hjóla í skóla. Með því eru nemendur bæði að stuðla að heilbrigði Jarðar og eigin heilsu.
- Setja skilti upp við skóla þar sem fólki er sagt að hafa bíla ekki í lausagangi og fylgja því eftir. Þetta á líka við um skólabílinn. Gangu eða taka stæto með nemendum í stað þess að panta rútu sérstaklega fyrir einstaka ferð. Góð nýting hráefna; þegar mikill úrgangur myndast s.s. í mötuneyti, verður meiri rotnun og við rotnun myndast metan sem veldur einnig gróðurhúsaáhrifum. Ef mötuneyti er í skóla, geta nemendur fylgst með hve mikill úrgangur myndast og reynt að koma með tillögur að því hvernig megi minnka úrgang. Ef slíkt tekst er mjög líklegt að einnig verði fjárhagslegur ávinningur fyrir skólann.

• Vistspor

Nemendur kynni sér vefsíður um vistspor og reyni að meta vistspor sitt. Á námsvefnum [Heimurinn minn](#) er þemaverkefni og gagnvirkt verkefni um neyslu ætlað unglिंगastigi. Þar er fjallað um vistspor og geta nemendur metið sitt vistspor.

Námsbækur:

Næring og lífshættir

Orka

CO₂ – Framtíðin í okkar höndum

Handbækur:

Ein jörð fyrir alla um ókomna tíð

Fræðslumyndir:

Hitastig og loftslag

CO₂ – gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar

Vefefni:

Heimurinn minn

CO₂ – loftslagsbreytingar á jörðinni

Annað:

www.sorpa.is

www.hringras.is

www.ust.is